

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

814. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. nóvember 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamann.
2. Erindi frá Ungmennaráði Húnaþings vestra.
3. Bréf Vegagerðarinnar- Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu vega af vegaskrá.
4. Bréf Stéttarfélagsins Samstöðu.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Fjárhagsbókhald- 3. ársfjórðungur.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Sveitarstjóri skýrði frá því helsta sem fram kom á fundinum.
2. Lagt fram erindi Ungmennaráðs Húnaþings vestra dags. 20.11.2013, þar sem óskað er eftir heimild til að nýta kr. 150.000 af fjárheimild ráðsins til, annars vegar kaupa á hljómlutningstækjum í íþróttahúsið kr. 45.000 og hins vegar til kaupa á húsgögnum fyrir grunnskólann á Laugarbakka. Byggðarráð samþykkir ofangreinda beiðni.
3. Lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 4. nóvember sl., þar sem tilkynnt er niðurfelling Hlaðhamarsvegar nr. 6488-01, Staðarflatarvegar nr. 7005-01 og Valdarásvegar syðri nr. 7162-01 af vegaskrá. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.
4. Lagt fram til kynningar bréf stéttarfélagsins Samstöðu dags 18.11 sl. þar sem skorað er á sveitarstjórn að hækka ekki gjaldskrár.
5. Lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 19.11 sl. þar sem tilkynnt er úthlutun framlags til Húnaþings vestra að upphæð kr. 2.708.561 vegna íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012.
6. Fjárhagsbókhald- 3. ársfjórðungur. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds eftir fyrstu 9 mánuði ársins og samanburð við fjárhagsáætlun ársins. Heildarniðurstaða málaflokka rekstursins er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Sigurður Kjartansson.